sýningarsalir

Nýlistasafnið:

Í dag verður opnuð sýning á ýmsum verkum eftir Dieter Roth. M.a. verða sýndar bækur, grafík og plötur. Þetta er sýning sem enginn má missa af.

Kjarvalsstaðir:

Bragi Ásgeirsson sýnir málverk, vatnslitamyndir og teikningar í vestursal. Í forsal er sýning á nokkrum Kjarvalsmyndum sem eru í eigu Reykjavíkurborgar.

Listmunahúsið:

Á laugardaginn er opnun á leirmunasýningu Kolbrúnar S. Kjarval. Þetta er sölusýning og stendur yfir til 24. október. Sýningin er opin kl. 10–18 virka daga, kl. 14–18 um helgar lokað á mánudögum.

Listsýningarsalurinn, Glerárgötu 34, Akureyri:

Þorvaldur Þorsteinsson, ungur Akureyringur, opnar sýningu á 50 vatnslita- og teiknimyndum á laugardaginn kl. 15. Sýningin stendur til 10. október og verður opin kl. 20–22 virka daga en kl. 15–22 um helgar.

Gallerí Lækjartorg:

Þýska listakonan, Erika Stumpf sýnir 40-50 verk eftir sig, einkum landslagsmyndir, myndskreytingar við ljóð o.fl. Sýningin stendur fram til 3. október.

Gallerí Langbrók:

Sýning Langbróka er opin kl. 12-18 virka daga en kl. 14-18 um helgar.

Listasafn Einars Jónssonar:

Myndir Einars eru til sýnis tvo daga í viku, miðvikudaga og sunnudaga kl. 13.30 til 16. Á efstu hæð hússins er íbúð Einars og konu hans og er hún til sýnis gestum.

Ásgrímssafn:

Nú eru einkum sýndar vatnslitamyndir og hafa margar þeirra sjaldan sést áður. Þar gefur að líta landslagsmyndir, blómamyndir og flokka mynda úr þjóðsögum. Opið sunnudaga, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13.30-16. Aðgangur ókeypis.

Mokka:

Olga von Leuchtenberg sýnir oliumyndir, acrylmyndir og vatnslitamyndir. Gott kaffi á meðan á glápinu stendur.

Árbæjarsafn:

Opið samkvæmt umtali. Upplýsingar í síma 84412 kl. 9 – 10 alla virka daga.

Höggmyndasafn Ásmundar Sveinssonar:

Safnið er opið þriðjudaga, fimmtudaga og laugardaga kl. 14 – 16.

Kirkjumunir

Í versluninni Kirkjumunir, Kirkjustræti 10, stendur nú yfir sýning á list- og kirkjumunum eftir Sigrúnu Jónsdóttur. Hún er opin á verslunartíma og auk þess til kl. 16 laugardaga og sunnudaga.

leikhús

Þjóðleikhúsið

Föstudagur kl. 20. **Garðveisla** eftir Guðmund Steinsson. Leikstjóri: María Kristjánsdottir.
Laugardagur kl. 20 **Garðveisla**
Sunnudagur kl. 14 **Gosi**
Sunnudagur kl. 20 **Garðveisla.**

Litla sviðið:

Sunnudagur kl. 20.30. **Tvíleikur** eftir Tom Kempinski í þýðingu Úlfs Hjörvar. Leikstjóri: Jill Brooke Árnason.

Leikfélag Reykjavíkur:

Sunnudagur kl. 20.30. **Skilnaður** eftir Kjartan Ragnarsson, frumsýning.
Þriðjudagur kl. 20.30. **Jói** eftir Kjartan Ragnarsson.

Alþýðuleikhúsið:

Á laugardaginn sýnir Pældið hópurinn **Súrmjólk með sultu** á fjölskylduhátíð í Fellaskóla og verður það nánar auglýst.

Íslenska óperan:

Búum til óperu, Söngleikur fyrir börn í tveimur þáttum. Tónlist: Benjamin Britten, texti: Eric Crozier í þýðingu Tómasar Guðmundssonar. Leikstjóri: Þórhildur Þorleifsdóttir. Frumsýning laugardag kl. 17.
Sunnudagur kl. 17. **Búum til óperu.**

viðburðir

Á laugardaginn koma Gilwellskátar saman til endurfunda á Úlfljótsvatni. Þetta er samkoma þeirra sem lokið hafa alþjóðlegu Gilwellþjálfuninni sem er veigamikill þáttur í starfi skátahreyfingarinnar um víða veröld. Sérstaklega verður fjallað um Úlfljótsvatn og framtíð þess, einkum þátt Gilwellskáta í vexti og viðgangi staðarins. Dagskrá hefst kl. 17 með helgistund í Úlfljótsvatnskirkju og talar Jónas B. Jónsson fyrrum skátahöfðingi. Stjórnandi er Björgvin Magnússon D.C.C.

Samtök um kvennaathvarf:

Skrifstofa okkar að Gnoðavogi 44, 2. hæð er opin alla virka daga kl. 13–15. Sími: 31575. Girónúmer samtakanna er 44442-1



Frá Septem '82 — varfærin list, búraleg fremur en hún sé gerð af leiftrandi gáfum...

Í september fer söngfugl

Fræðimenn á sviði myndlistar hafa haldið því fram að í sjálfu sér sé málaralistin ekki til heldur einstakir málarar. Mér er þó nær að halda að íslensk málaralist sé til, sú sem septembermennirnir sýna. Þetta er varfærin list, búraleg fremur en hún sé gerð af leiftrandi gáfum, tortryggin, veður ekki elginn og stendur fyrir sínu hvar sem væri og þolir samanburð við list erlendra þjóða. Einhvern veginn er list þessi sífellt hrædd við að hnjóta og hleypur þess vegna ekki þrefalda hæð sína í snilldarlegri fíflsku, þannig að áhorfandinn standi á öndinni og viti ekki hvort verið sé að hæðast að honum eða skapa snilld. Sumardýrðin flýr, og við erum stödd andspænis þeim þroska sem verður ekki meiri. Sagan er sögð hjá flestum.

Þá fer áhorfandinn að brjóta heilann um verkin. Ímyndunaraflið berst ekki á flugi inn í hrifningarvímu eða andúð sökum nýsköpunar verkanna. Verk þessi eru ekki unnin af þreyttum mönnum, en þó eru þeir rosknir og ráðsettir. Allir nema einn, sem er ævinlega til í glens: Sigurjón Ólafsson.

Svo er þarna Guðmunda Andrésdóttir, málari sem hefur einhverra hluta vegna oft farið fram hjá áhorfendum. Hún er þó með sérkennilegri málurum okkar, ekki bara vegna þess hvernig hún skrifar litinn á strigann, oft með mótsagnakenndum pensilförum og rofnum og auðsæjum, heldur vegna þess að form hennar hafa orðið með tímanum að söguþræði: eitt málverk bætir við sögu annars, með þeim hætti að hvert málverk er á vissan hátt kafli eða málsgrein. Það er með Guðmundu Andrésdóttur, eins og Ágúst Petersen, að hún notar litinn á vissan hátt til þess að má út formin, þótt slíkt sé miklu meira áberandi hjá Ágústi, flytja þau af myndfletinum yfir í auga áhorfandans líkt og skugga. En það gerist jafnan ef stefnt er saman rauðum og grænum lit, skærum.

Þetta vissu fátæk börn er þráðu myndlist en áttu enga, aðra en þá sem hægt er að laða fram með því að kreista fast aftur augun, þá lætur vöðvaherpingurinn kringum augun, augun framleiða sína eigin mynd í myrkrinu, í líki rauðra og grænna hringa, sem svífa síðan burt ef augun eru opnuð.

Um sjónina og list eru til tvær ágætar bækur eftir R.L.Gregory og heitir önnur **Greinda augað,** en hin er **Augað og heilinn,** og er vel þess virði að líta á fróðleik bókanna, einkum fyrir þá sem brjóta heilann um það hvernig við skynjum myndlist.

Listmálarinn er skáld sem skrifar með pensli. Íslenskir málarar eru yfir höfuð bókmenntalega sinnaðir í verkum sínum og margir hverjir frásagnakenndir. Ragnheiður Jónsdóttir lætur vera loðin konukynfæri á bók í grafíkverki sínu. Stafirnir og efni bókar innar sem er kvenkyns, fæðast af **síðunum.** Nöfnin á verkum Guðmundu Andrésdóttur eru í ætt við ljóð: **Ótta. Birta. Á brúnum fleti. Gróandi. Rökkur. Straumar. Glæður. Á gráum fleti. Kvöldljóð. Vorþeyr. Dvöl. Húm.** Nöfnunum á málverkunum er hægt að raða upp með ýmsum hætti og hrynjandinn fæst með því að lesa nöfnin hratt. Ef nöfnin eru lesin hratt framan við myndirnar á sýningunni nýtur áhorfandinn þeirra með sérkennilegum hætti: saman fer, ljóð, litur, hljóð, og form.

Myndlist

eftir Guðberg Bergsson



Annað dæmi um hvernig listmálarar skrifa með pensli var að finna í Nýlistasafninu, á sýningu Kees og Rúnu. Stundum voru þó fingur notaðir fyrir pensil: texti var rifinn niður í mjóar ræmur sem minntu á línur sem voru ekki festar lárétt, eins og í okkar skrift, heldur lóðrétt eins og í kínverskri skrift. Á ræmunum var skrifaður texti en hann rofinn með því að ræmunum var þannig raðað að textinn rofnaði og varð samhengislaus, eins og við stæðum andspænis ókennilegri skrift, kínverskri. Þessu var svo fyrir komið á borða, en bókaborðar eða myndborðar eru einkennandi fyrir austrænar bókmenntir og frásagnarlist.

Kees var einnig með rofinn texta á sínum myndum. Og svo var þarna myndlist í ætt við skuggaleikhús frá fyrrverandi nýlendum Hollendinga í Asíu. Jurtir og hlutir voru notaðir á áþekkan hátt og brúður frá Balí. Skuggginn einn var eftir á afar viðkvæmum pappír, líkt og viðkvæmni sem hvílir á hverfuleikanum.

Hverfulleikinn er einnig leikur. Sigurjón Ólafsson var með tálguð leikverk sín á Septembersýningunni: drumba sjórekna sem mesti myndhöggvari heimsins hafði mótað, náttúran sjálf. Vindar, veðrin, hafið. Þetta eru mestu myndhöggvarar náttúrunnar. Við lifum því og hrærumst í þeirri höggmynd sem heimurinn er. Sigurjón tálgar örlítið sínar náttúrulegu höggmyndir, líkt og hann vilji draga fram sjálfur vissa eðlisþætti trésins. Hann leggur stund á fegurð sem dregur betur fram hina eðlilegu fegurð efniviðarins. Í þessum verkum er ekki verið að móta. En þarna örlar líka á smíði í stað höggmyndalistar, og saman er stefnt útskurði og höggmynd, vegna þess að við höggmyndina er oftast neglt eitthvað áþekkt gömlum íslenskum útskurði.

Verkið **Köttur** er dæmigert fyrir Sigurjón. Það er sambland af leik, lipurð, kímni og blekkingu. Sigurjón hefur áður gert mynd af **Konu með kött,** en í raun og veru er sú mynd af tveimur kisum. Lurkurinn sem á að tákna köttinn á Septembersýningunni er ekki óáþekkur lengri kisunni, konunni, sem heldur á hinni kisunni í höggmyndinni. Myndverk gerð á ólíkum tímum tengjast þannig fyrir sakir minningarinnar. En sá er munurinn á kettinum nú og kisunum sem kúra í steini, að kötturinn hér er í umhverfi. Hann er að skríða í gegnum spjöld á hurð með kringlóttu gati. Kötturinn er þannig meira lifandi. Lögð er áhersla á lipurð kattarins með götunum á spjöldunum.

Ef þarna væru engin spjöld sem lurknum (kettinum) er rennt gegnum, þá væri lurkurinn bara ósköp venjulegur lurkur en ekki köttur. Jafnvel barn ætti erfitt með að ímynda sér slíkan lurk sem kött. Þannig er listin. Allt hefur merkingu og tilgang.

Ein besta plata þessa árs



Jonee Jonee — Svonatorrek.

Hljómsveitin Jonee Jonee hefur vakið nokkra athygli að undanförnu og þá einkum fyrir það hversu undarleg hljóðfæraskipan hljómsveitarinnar er, þ.e. bassi, trommur og söngur. Það hefur oft verið hin ágætasta skemmtun að hlusta á þá á hljómleikum og þá ekki síst vegna þess að þeir hafa haldið prógrammi sínu innan skikkanlegra tímatakmarkana, það hefur verið hressilegt og keyrt í gegn um það af krafti.

Þegar ég frétti að Jonee Jonee væru að taka upp plötu var ég satt að segja efins um að þeir ættu nokkurt erindi á plast, til þess væru þeir of einhæfir. Nú þegar platan er komin heyri ég að ég hafði rétt fyrir mér að nokkru leyti, ekki öllu þó. Í heild má segja að þetta gangi svona nokkurn veginn stórslysalaust fyrir sig en þó held ég að lítil plata hefði verið alveg nóg.

Hvað sem hver segir þá er það nú heldur einhæft að hlusta á heila plötu þar sem hljóðfæraleiknum er haldið uppi af góðum trommara, sæmilegum bassaleikara og frekar gloppóttum söngvara. Ég get nú ekki gert að því að mér finnst Jonee Jonee ólíkt skemmtilegri þar sem þeir skreyta tónlist sína með saxófónleik, eins og í lögunum Haust og Staðreyndin um lífið, jafnvel þó hann sé svolítið falskur. Verstir þykja mér þeir í lögum eins og t.d. Jonee Jonee, þar sem þeir hljóma eins og léleg stæling á Purknum.

Einhversstaðar las ég það eftir þeim Jonee mönnum haft að platan nyti sín best ef aðeins væri hlustað á lítinn hluta hennar (eitt eða örfá lög) í einu. Það er líklega rétt hjá þeim, þeir eru ágætir í smáskömmtum og þá komum við aftur að því hvort hún hefði ekki bara átt að vera lítil. Jæjæ...

Popp

eftir Gunnlaug Sigfússon





Kevin Rowland & Dexy's Midnight Runners— too-Rye-Ay.

Fyrir rúmum tveimur árum fór í fyrsta sæti breska vinsældarlistans lag sem heitir Geno með allmerkilegri hljómsveit sem kallar sig Dexy's Midnight Runners og rúmum tveimur mánuðum síðar fór stór plata með þeim hátt á lista. Lítið fór fyrir vinsældum þessarar hljómsveitar hér á Íslandi, eins og allt of algengt er um góðar hljómsveitir. Í heimalandi þeirra, Englandi, virtust þeir líka ætla að verða svokallað „one hit wonder". Þeir hafa gefið út fjöldan allan af litlum plötum á þessu tímabili, sem ekkert hafa selst að ráði. Til að bæta gráu ofan á svart hefur saga hljómsveitarinnar verið svona álíka og strætisvagnabið-